Stofnskrá fyrir Náttúrusafn Kópavogs

1. gr.

Stofnunin heitir Náttúrusafn Kópavogs og er eign Kópavogsbæjar.

2. gr.

Tekjur safnsins eru fjárveitingar úr bæjarsjóði og aðrar tekjur eftir atvikum sem safnið hefur af gjaldhæfri þjónustu, auk styrkja frá opinberum aðilum. Allur arður af starfseminni rennur til safnsins. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

3. gr.

Náttúrusafn Kópavogs starfar í samræmi við gildandi safnalög og fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM, International Council of Museums).

4. gr.

Aðalhlutverk Náttúrusafns Kópavogs eru:

a. að veita almenningi og nemendum fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,

b. að safna náttúrufræðilegum gögnum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,

c. að stuðla að náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,

d. að stunda vísindalegar rannsóknir á safneign sinni og á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,

e. að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði safnsins.

5. gr.

Málefni Náttúrusafns Kópavogs heyra undir Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar. Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar Kópavogsbæjar annast bókhald safnsins og fjárreiður.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

6. gr.

Stjórn Náttúrusafns skal skipuð í samræmi við bæjarmálasamþykkt. Um hlutverk stjórnar fer samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

7. gr.

Forstöðumaður er ráðinn samkvæmt reglum bæjarstjórnar Kópavogs um ráðningar starfsmanna. Hann annast allan daglegan rekstur safnsins, gerir fjárhagsáætlanir, ræður starfslið og er í forsvari fyrir safnið.

8. gr.

Komi til þess að Náttúrusafn Kópavogs verði lagt niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

Samþykkt af Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs 14. maí 2025.
Breytingar samþykktar á fundi bæjarstjórnar þann 22. maí 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026